

ÁHERSLUVERKEFNI SSNE 2020

Heiti verkefnisins	Rófurækt á Presthólum
Markmið	<p>Verkefnið snýr að rófuræktun á jörðinni Presthólum í Núpasveit. Samkvæmt upplýsingum frá fyrirtækinu Bananar ehf, sem er heildsali ávaxta og grænmetis á Íslandi, er vöntun á rófum á markað á Íslandi og sáu forsvarsmenn Klapparóss ehf. tækifæri til að hefja rófurækt á svæðinu vorið 2019.</p> <p>Fyrirtækið setti sér markmið um rófurækt til 3ja ára þar sem gert var ráð fyrir uppskeru um 40 tonn á árinu 2019, 49 tonnum á árinu 2020 og 65 tonnum á árinu 2021. Ljóst er eftir fyrstu uppskeru að markmið verða að vera breytileg og auðvitað fer uppskera eftir veðri á norðurhvara veraldar.</p>
Stutt verkefnalýsing (mikilvægt er að verk- og kostnaðaráætlanir séu gerðar fyrir öll verkefni)	<p>Forsvarsmenn Klapparóss ehf. sjá tækifæri í frekari nýtingu landssvæðis með því að fara í rófuræktun á áður óunnu landi í landi Presthóla. Eins og áður kom fram er vöntun á íslenskum rófum á markað. Á fyrsta ári í rekstri voru nýttir 1,5 hektarar en nú þegar hafa 3 hektarar verið undirbúnir fyrir framleiðslu ársins 2020.</p> <p>Klapparós ehf. þarf að byggja upp vinnuáðstöðu bæði fyrir verkun og geymslu. Nauðsynlegt er að byggja upp aðstöðu þar sem hægt er að þrifa rófurnar og pakka þeim á sama stað. Í vetur leigðum við aðstöðu á Kópaskeri sem var engan veginn fullnægjandi. Mikill tími og vinna hefur farið í að keyra rófurnar á milli staða. Einnig er nauðsynlegt að hafa góða geymslu til að geyma rófurnar fram að sölu.</p> <p>Gert er ráð fyrir að byggja vinnuáðstöðu við gamla hlöðu sem er til staðar og útbúa þar inni kæli fyrir afurð sem búið er að pakka. Þá er stefnt að því að hafa gám fyrir utan vinnuáðstöðuna til að geyma rófur sem eru óþvegnar. Stefnt er að því að halda áfram að gera aðstöðuna seinnipart sumars fáist til þess fjármagn.</p> <p>Með rófuræktun er verið að breikka nýtingu landssvæðisins en fyrir er sauðfjárrækt og blóðmerar á Presthólum. Verkefnið fellur vel að markmiðum verkefnisins Öxarfjörður í sókn m.a. þar sem verið er að auka matvælaframleiðslu héraðsins. Eins og staðan er í sauðfjárrækt í dag er nauðsynlegt að horfa til frekari tækifæra sem eru á bújörðum.</p> <p>Forsvarsmenn Klapparóss ehf. telja mikla möguleika í frekari grænmetisræktun á svæðinu til framtíðar og nauðsynlegt að kanna þá og láta á það reyna hvort þessi ræktun borgi sig. Með því er hægt að stuðla enn frekar að markmiði 1.3. að matvæli af svæðinu sé í boði á sem allra flestum veitingastöðum í Norðurþingi og nærliggjandi sveitarfélögum. Einnig teljum þeir að verkefnið gæti leitt af sér fleiri störf til framtíðar ef vel tekst til, því fellur verkefnið vel að starfsmarkmiði 3.8.</p> <p>Verk- og kostnaðaráætlun fylgir með en eingöngu árið 2020. Gert er ráð fyrir að bygging aðstöðu klárast á því ári og eftir það verði hægt að auka uppskeru og skapa fleiri störf.</p>
Framkvæmdaaðili	Klapparós ehf

Sóknaráætlanir landshluta - áhersluverkefni

Samstarfsaðilar	Á ekki við enn sem komið er.
Tengsl við sóknaráætlun	Tengist markmiðum Sóknaráætlunar um að auka matvælaframleiðslu á svæðinu og sporna gegn einhæfri atvinnustarfsemi.
Tengsl við heims- markmið Sameinuðu þjóðanna	2.4 Eigi síðar en árið 2030 verði sjálfbærni í matvælaframleiðslu tryggð og teknir upp starfshættir sem auka framleiðni og framleiðslu í landbúnaði, sem viðheldur vistkerfunum, dregur úr hættu af völdum loftslagsbreytinga, veðurofsa, þurrka, flóða og annarra hamfara og bætir land og jarðveg til lengri tíma litið. 12.2 Eigi síðar en árið 2030 verði markmiðum um sjálfbæra og skilvirka nýtingu náttúruauðlinda náð. 12.3 Eigi síðar en árið 2030 hafi sóun matvæla á smásölumarkaði og hjá neytendum minnkað um helming á hvern einstakling um heim allan. Nýting í matvælaframleiðslu og hjá birgðakeðjum verði bætt, þ.m.t. við uppskeru.
Árangursmælikvarðar	Fjöldi starfa og magn afurða sem fæst eftir tímabilið.
Lokafurð (hver verður lokaafurð verkefnisins, hver verður ávinningur samfélagsins?)	Aukið framboð á innlenda grænmetisframleiðslu, atvinnusköpun í brothættir byggð í apríl-september sem munar talsvert um þegar stefnir í litla atvinnusköpun á sviði ferðaþjónustu á næstunni. Þá má gera ráð fyrir 2. til 4. starfsgildum á tímabilinu eftir álagi.
Upphaf og lok verkefnis	15. apríl til 31. desember ár hvert.
Heildarkostnaður (pr. ár á verkefnatíma)	Gert er ráð fyrir að kostnaður vegna ársins 2020 verði kr. 14.678.750.
Framlag úr sóknaráætlun (árið 2020 og á hverju ári eftir það, ef við á)	Óskað er eftir 5.000.000 kr. úr sóknaráætlun.
Mótframlag (ef við á)	Vinna eiganda vegna byggingar vinnuaðstöðu.
Tengsl við aðrar opinberar áætlanir (ef við á)	Verkefnið hefur fengið styrk frá Öxarfjörður í sókn og er með umsókn þar inni vegna ársins 2020.

Rófurækt á Presthólum

Verk- og tímaáætlun 2020

Nr.	Heiti verkþáttar	Hefst	Lýkur
1.	Jarðvinnsla	apríl	maí
2.	Sáning	maí	júní
3.	Bygging aðstöðu	júní	september
4.	Upptaka	ágúst	sept/okt
5.	Pökkun	ágúst	des
6.	Sala	ágúst	des

Kostnaðaráætlun 2020

Kostnaðarliður	Einingafjöldi	Einingaverð	Samtals
Flutningur	40	32.000	1.280.000
Umbúðir	100	240	240.000
Áburður	1,5	113.000	169.500
Fræ	1	100.000	100.000
Dúkar	1.000	1.250	1.250.000
Leiga á vélum vegna jarðvinnslu	1	200.000	200.000
Laun og launatengd gjöld	3,5	471.900	1.651.650
Skrifstofukostnaður	1	100.000	100.000
Ófyrirséður kostnaður	1	500.000	500.000
Laun og launatengd gjöld vegna byggingar	4	471.900	1.887.600
Kæligámur	1	350.000	350.000
Flutningur á gám	1	100.000	100.000
Afurðakælir inn í aðstöðuhúsi	1	1.000.000	1.000.000
Steypa og uppsláttur	1	1.000.000	1.000.000
Efni í viðbyggingu	1	4.000.000	4.000.000
Raf- og pípulagnir	1	850.000	850.000
Heildarkostnaður			14.678.750